

# BERNYL TACKSURFACER DF 370

**Bernyl Tacksurfacer** er hyljandi tvíþátta sýruhertur lakkgrunnur, sem gefur mjög góða fyllingu.

**Bernyl Tacksurfacer** er mjög hraðþornandi og er léttur í slípun.



Bernyl Tacksurfacer er grunnlakk til alhliða nota, hentar sérlega vel til slípunar með bandslípivél.

**Bernyl Tacksurfacer** hefur mjög góða hulu og inniheldur lítið af fríu formaldehyði. UPPFYLLIR E1 KRÖFUR OG ER ÁN ARÓMATA.

#### Lökkun:

**Bernyl Tacksurfacer** er best að bera á flötinn með loftsprautu, háþrýstisprautu eða lakkteppavél. Mikilvægt er að efnisáburður sé jafn og í samræmi við fyrirskrifaða efnisnotkun.

#### Herðir:

Í **Bernyl Tacksurfacer** skal blanda Bernyl Herði 309, 13% í rúmmáli.

#### Þynnir:

Fyrir sprautun skal þynna lakkið með Bernylþynni 309. Flæðiseigja skal vera 20-25 sek. fyrir sprautun og 30-45 sek fyrir lakkteppavél.

#### Notatími:

1 til 3 dagar eftir íblöndun herðis.

#### Hreinsun áhalda:

Með Bernylþynni 31 eða 309.

#### Annað:

Viðurinn skal vera vel þússaður. Slípa skal eftir fyrstu umferð til að fjarlægja hugsanlega ýfingu viðarins og til að tryggja örugga viðlöðun við næstu umferð.

#### Þurrktími:

Slípiþurrt við 20°C, 2-4 klst, við 50°C 30-45 mín og við 70°C 10-25 mín. Staflþurrt við 20°C, 6-8 klst, við 50°C 1-2 klst og við 70°C 45-60 mín.

#### Þykkt (flæðiseigja):

Um 140-180 sek. (DIN 4 við 23°C).

#### Eðlismassi:

1,37 g/ml (25°C). Skv. SIS staðli.

#### Þurrefni:

Um 68% af massa.

## Beckers



#### Efnisnotkun:

80 - 110 g/m<sup>2</sup>.

#### Gljái:

Matt.

#### Hitastig við notkun:

Bæði lakkið, flötur og loft verða að vera yfir 18°C.

#### Geymsluþol:

Um 12 mánuðir í óátekinni umbúð.